




Reykjavík, 16. febrúar 2023

Bólstaðarhlíð 64-68 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa (USK23020037)


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. febrúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Jóns Páls Fortune, dags. 1. febrúar 2023, um að setja bílskúra á lóð nr. 64-68 við Bólstaðarhlíð, samkvæmt skissu, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Afstöðumynd (dags. 18.05.1999)

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Bólstaðarhlíð 64-68 íbúðarbyggð.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Bólstaðarhlíð, samþykkt í bæjarráði Reykjavíkur 14. mars 1961. Vinna við hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi er í gangi og gert ráð fyrir að skipulagið verði auglýst vorið 2023.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort heimilt sé að byggja sex bílskúra á lóðinni til viðbótar við þá sex sem þegar hafa verið byggðir.

Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið sýnir alls 12 bílskúra á lóðinni sem skipað er í tvær samstæðar raðir við lóðamörkin að Bólstaðarhlíð. Samþykktir aðaluppdrættir fyrir lóðina sýna sömuleiðis byggingarrétt fyrir alls 12 bílskúrum, til samræmis við deiliskipulag.

Vinna við hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi er langt komin. Byggingarréttur úr eldra deiliskipulagi sem ekki hefur verið nýttur við gildistöku hverfisskipulags mun yfirfærast í hverfisskipulag.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
- Ef núverandi byggingarréttur fyrir bílskúrum verður ekki nýttur fyrir gildistöku hverfisskipulags í Háteigshverfi mun rétturinn yfirfærast í hverfisskipulag.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur hjá hverfisskipulagi